

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu deiliskipulags Melahverfis, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 11. nóvember 2014 óverulega breytingu deiliskipulags Melahverfis, Lækjarmels 14.

Óveruleg breyting deiliskipulags miðast við að svæði það sem íbúðarlóðin Lækjarmelur 14 er skilgreind á verði nýtt sem opið svæði til sérstakra nota, þ.e. útivistarsvæði fyrir íbúa Melahverfis.

Breyting deiliskipulags hefur hlotið meðferð, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 1. júní 2015,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. júní 2015